

Móttökuáætlun

Þegar nýir nemendur koma í skólann að hausti eru þeir skráðir í þjónustugátt Kópavogsbæjar. Ef um nemendur er að ræða sem koma ekki úr skólahverfinu þurfa foreldrar að óska eftir skólavist fyrir barnið sitt.

Upplýsingar um komu nýnema til annarra starfsmanna skólans eiga að berast með pósti frá ritara og umsjónarkennari lætur öðrum kennurum í té þær upplýsingar sem hann hefur um nemandann.

Þegar nemandi fer úr Snælandsskóla á skólaárinu ber foreldrum að tilkynna slíkt til ritara skólans og umsjónarkennara nemandans. Ritari sendir upplýsingar til starfsmanna.

Móttaka nýrra nemenda í upphafi skólaárs

Þegar nýr nemandi er skráður í skólann býðst honum og foreldrum hans að koma í heimsókn í skólann ef þeir óska þess. Deildarstjórar taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim aðstöðuna. Námsráðgjafi hittir alla nýja nemendur á fyrstu vikum skólastarfsins. Umsjónarkennari hefur samband heim innan fyrstu fjögurra vikna til að heyra hvernig barninu vegnar í skólanum.

Að taka við nemanda á miðjum vetri

Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum atriðum. Foreldrar innrita nemandann í þjónustugátt á vef Kópavogsbæjar. Deildastjóri og umsjónarkennari funda með foreldrum og koma upplýsingum til allra starfsmanna skólans. Þegar hópaskipan hefur verið ákveðin boðar umsjónarkennari nemandann til fundar með forráðamönnum utan kennslutíma. Námsráðgjafi hittir alla nýja nemendur á fyrstu vikum skólastarfsins. Umsjónarkennari hefur samband heim innan fyrstu fjögurra vikna til að heyra hvernig barninu vegnar í skólanum.

Umsjónarkennari þarf að:

- afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal umsjónarkennari benda foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing.
- gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði.
- afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og benda þeim á hvar frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans og í námsumsjónarkerfi skólans.)
- gera foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum.
- veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, nestismál, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
- fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda.
- skipa nemandanum í viðeigandi hóp í sérgreinum.
- segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum.
- sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann.
- láta bekkjarfulltrúa fá upplýsingar um að nýir samstarfsforeldrar hafi bæst í hópinn. v

Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur verið gefin út fyrir leik- og grunnskóla í Kópavogi. Snælandsskóli vinnur samkvæmt þeirri áætlun. Þegar sótt eru um skólavist fyrir nemendur af erlendum uppruna sem nýlega hafa flutt til landsins er mikilvægt að ritari skrái niður nafn, fæðingardag, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra ef umsókn hefur ekki borist í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Nemendur sem ekki hafa íslenska kennitölu er heimilt að hefja skólagöngu við skólann en áhersla lögð á að umsóknarferli um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun sér komið af stað.

Deildarstjóri sérúrræða boðar foreldra til fundar með móttökuteymi skólans. Í móttökuteymi eru deildarstjóri sérúrræða, umsjónarkennari og hjúkrunarfræðingur. Gæta þarf þess að tryggja túlk ef þörf er á áður en fundað er. Námsráðgjafi hittir alla nýja nemendur á fyrstu vikum skólastarfsins. Umsjónarkennari hefur samband heim innan fyrstu fjögurra vikna til að heyra hvernig barninu vegnar í skólanum.

Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku má nálgast [hér á heimasíðu Kópavogsbæjar](#)